

Leiðrétting á ársskýrslu

Í ársskýrslu sjóðsins í skýringu 9 á bls. 43 hefur orðið misritun þannig að í stað millj. stendur þús. króna. Rétt er setningin því svona:

Í sértækri niðurfærslu sem færð er út, er niðurfærsla upp á 2.259 millj. króna vegna bréfa sem flutt voru til Kröfusjóðs ÍV. Væri sú niðurfærsla ekki færð út myndu bæði eignir og niðurfærsla í árslok hækka sem því nemur.

ÁRSSKÝRSLA 2009



EFNISYFIRLIT

SKÝRSLA STJÓRNAR OG FRAMKVÆMDASTJÓRA	3
ÁRSREIKNINGUR	26
SKÝRSLA STJÓRNAR	27
ÁRITUN ÓHÁÐS ENDURSKOÐANDA	29
ÁRITUN TRYGGINGASTÆRÐFRÆÐINGS	30
YFIRLIT UM BREYTINGAR Á HREINNI EIGN TIL GREIÐSLU LÍFEYRIS	31
EFNAHAGSREIKNINGUR	32
SJÓÐSTREYMI	33
DEILDASKIPT YFIRLIT UM BREYTINGAR Á HREINNI EIGN TIL GREIÐSLU LÍFEYRIS	34
DEILDASKIPTUR EFNAHAGSREIKNINGUR	35
DEILDASKIPT SJÓÐSTREYMI	36
SKÝRINGAR	37
KENNITÖLUR	47
FINANCIAL STATEMENTS 2009	51
THE BOARD OF DIRECTORS' AND MANAGING DIRECTOR'S REPORT	52
INDEPENDENT AUDITOR'S REPORT	53
STATEMENT OF CHANGES IN NET ASSETS FOR PENSION PAYMENTS	54
BALANCE SHEET	55
CASH FLOW STATEMENT	56

ÚTLITSHÖNNUN: GEIMSTOFAN
LJÓSMYNDIR: FINNBOGI MARINÓSSON
PRENTVINNSLA: ÁSPRENT EHF.

STAPI LÍFEYRISSJÓÐUR
KENNITALA: 601092-2559
STRANDGATA 3 · 600 AKUREYRI

SKÝRSLA STJÓRNAR OG FRAMKVÆMDASTJÓRA

INNGANGUR

Árið 2009 var erfitt rekstrarár fyrir Stapa lífeyrissjóð. Afkoma Tryggingadeildar sjóðsins var slök annað árið í röð og er tryggingafræðileg staða deildarinnar erfið.

Árið einkenndist af frekari efnahagssamdrætti og harkalegri aðlögun hagkerfisins eftir eignabólur undanfarinna ára og efnahagshrunið haustið 2008. Endurskipulagning efnahagslífs og fjármálakerfis hefur gengið hægt fyrir sig og enn ríkir mikil óvissa um afdrif margra heimila og fyrirtækja.

Þeir eignaflokkar þar sem tjón Tryggingadeildar sjóðsins var mest á árinu 2008, halda áfram að hafa neikvæð áhrif á afkomu deildarinnar. Hér er einkum um að ræða skuldabréf innlendra fyrirtækja. Við mat á þessum eignum í bókum sjóðsins fyrir árið 2008 voru varúðarsjónarmið höfð að leiðarljósi, til að komast hjá ofmati. Því miður reyndust flest þeirra fyrirtækja, sem gefið hafa út skuldabréf á innlendum markaði undanfarin ár, vera mun verr farin en gert var ráð fyrir og endurheimtur mun minni en gert var ráð fyrir. Þá voru mistök gerð í kröfulýsingu fyrir hönd sjóðsins í bú Straums-Burðaráss Fjárfestingarbanka sem ollu enn frekari niðurfærslum.

Mikil óvissa ríkti í lok árs 2008 um mat á afleiðusamningum sem sjóðurinn hafði gert við banka sem fóru í þrot á árinu 2008. Samningar þessir voru einkum gerðir til að verjast gjaldeyrisáhættu. Þrátt fyrir talsverð fundahöld með skilaneftendum bankanna á árinu 2009 hefur engin niðurstaða fengist. Samningar hafa ekki náðst og ekki hefur enn komið til kasta dómstóla. Hér er um verulegan óvissuþátt að ræða í efnahag sjóðsins og ljóst að niðurstaðan getur haft mikil áhrif á afkomu hans og efnahag sjóðsins.

Frekari niðurfærslur vegna Skuldabréfa atriða voru megin ástæða fyrir slakri afkomu Tryggingadeildar. Þá gáfu erlend hlutabréf í eigu sjóðsins einnig slaka ávöxtun, en stóri hluti þeirra er í svokölluðum framtaksfjárfestingum. Slíkar fjárfestingar eru gerðar upp með nokkurri tímatöf, sem hafði neikvæð áhrif á afkomu ársins. Gjalddeyrihöft gerðu sjóðnum auk þess erfitt fyrir um að endurskipuleggja erlendar eignir og auka fjárfestingar í skráðum erlendum hlutabréfum. Sjóðurinn hélt því verulega að sér höndum í þessu efni.

Nafnávöxtun Tryggingadeildar á árinu var 1,9% og raunávöxtun neikvæð um 6,2%.

Afkoma allra safna Séreignardeildar var góð, en söfn deildarinnar voru ekki fjárfest í íslenskum fyrirtækjabréfum og voru ekki með gjaldeyrisvarnir. Söfnin nutu því hárrar ávöxtunar, sem var á innlendum skuldabréfa- og innlánsmarkaði á árinu. Nafnávöxtun safnanna var 20,5%, 21,1% og 18,6% og raunávöxtun 10,9%, 11,5% og 9,2%.

SKÝRSLA STJÓRNAR OG FRAMKVÆMDASTJÓRA

ÚR STARFSEMI SJÓÐSINS

Verkefni sjóðsins á árinu mörkuðust að miklu leyti af eftirskjálftum efnahagshrunsins haustið 2008, en verulegur tími fór í vinnu vegna kröfulýsinga, endurskipulagningar fyrirtækja, samninga um gjaldeyrisvarnir og endurskoðun á verkferlum og innri reglum sjóðsins.

Sjóðurinn átti allmarga fundi með skilaneftendum bankanna á árinu 2009 vegna samninga um uppgjör á afleiðusamningum. Lítil árangur hefur orðið af þessum fundahöldum og eru þessi mál enn ófrágengin. Vaxandi líkur eru á að til kasta dómstóla komi við að fá úr þessum málum skorið, en talsvert hefur borið á milli skilaneftanna og sjóðanna í því hvernig eðlilegt er að ganga frá þessum samningum.

Kröfulýsingar í þrotabú fallinna fyrirtækja og aðkoma að endurskipulagningu og nauðasamningum tóku mikinn tíma og er langt í frá lokið. Endurskipulagning margra þessara fyrirtækja hefur reynst mjög langdregin. Almennt hefur niðurstaðan orðið sú að lítið sem ekkert hefur komið upp í kröfur óveðtryggðra kröfuhafa eins og lífeyrissjóða.

Sjóðurinn er þátttakandi í samkomulagi aðila á fjármálamarkaði um beitingu greiðsluferfiðleikaúrræða fyrir heimili. Fáir hafa nýtt sér þessa þjónustu hjá sjóðnum og almennt eru lán einstaklinga í mjög góðum skilum.

Sjóðurinn varð fyrir miklu áfalli um mitt sumar 2009 þegar í ljós kom að lögmannsstofa, sem unnið hefur fyrir sjóðinn til margra ára, lýsti kröfum í þrotabú Straums-Burðaráss Fjárfestingarbanka hf. eftir að kröfulýsingarfrestur var útrunninn. Þetta gerðist þrátt fyrir að lögmannsstofan hafi fengið öll tilskilin gögn vegna kröfunnar frá sjóðnum með góðum fyrirvara. Innri endurskoðandi sjóðsins hefur yfirfarið vinnubrögð starfsmanna sjóðsins og staðfest að þeir fóru að þeim reglum sem sjóðurinn hafði sett um þetta efni. Til að koma í veg fyrir að svipuð slys geti gerst í framtíðinni hafa reglur að þessu leyti verið yfirfarnar og nákvæmari lýsingar settar inn bæði í reglur sjóðsins sjálfs og í samning við lögmannstofu.

Um er að ræða háa kröfu eða um 4,4 milljarða króna, sem augljóslega skiptir sjóðinn verulegu máli. Brugðist var við með því að setja þegar af stað vinnu við að fá samþykki annarra kröfuhafa við að koma kröfunni að. Ekki er enn komin niðurstaða í hvort sjóðurinn hefur árangur sem erfiði í því efni. Jafnframt hefur sjóðurinn leitað lögfræðialíta á því hvort krafan muni komast að, þrátt fyrir vanlýsingu, komi til nauðasamninga um þrotabúið eins og stefnt er að. Niðurstaða þessara lögfræðialíta er á þá leið að krafan komist að við þær aðstæður. Til þess að fá úr því skorið verður þó væntanlega að höfða viðurkenningarmál. Þrátt fyrir þetta var það mat stjórnenda sjóðsins, að svo mikil óvissa ríkti um afdrif kröfunnar, að ekki væri annað verjandi en að færa hana niður að fullu. Þessi niðurfærsla hafði veruleg áhrif til hins verra á afkomu sjóðsins á árinu og gerir tryggingafræðilega stöðu sjóðsins lakari um 1-2%.

Í kjölfar ofangreinds máls sagði sjóðurinn upp samstarfssamningi við lögmannsstofuna sem unnið hefur fyrir sjóðinn. Þjónustan var boðin út og á grundvelli útboðsins var ákveðið að taka tilboði frá Pacta lögmannsstofu/ Lögheimtunni og hefur sjóðurinn gengið frá samningi við stofuna. Bæði er um að ræða þjónustu á sviði innheimtu og lögfræðiráðgjafar.

Mikil vinna hefur verið lögð í að skjalfesta og skerpa á öllum ferlum í starfsemi sjóðsins. Fjárfestingarstefna var yfirfarin, sem og stefnur undirsafna, þar sem heimildir og áhættuviðmið voru betur skilgreind, þ.m.t. viðmið vegna mótaðilaáhættu sem lítil gaumur hafði verið gefinn fyrir efnahagshrunið. Einnig hafa reglur um

SKÝRSLA STJÓRNAR OG FRAMKVÆMDASTJÓRA

innheimtuaðgerðir og kröfulýsingar verið endurskoðaðar og sett inn nákvæmari lýsing, eins og áður hefur komið fram. Þá hafa allir ferlar verið settir upp með myndrænum hætti.

Sjóðurinn hefur farið yfir og sett sér nákvæmari reglur um áhættutöku og eftirlit og skilgreint markmið í þessum efnum nákvæmar en áður. ALM-fjármálaráðgjöf hefur verið fengin til að vinna að gerð líkans til að auðvelda sjóðnum að stýra áhættu og samspili eigna og skuldbindinga. Líklegt er að verkefnið klárast nú um mitt ár 2010.

Kosin var endurskoðunarnefnd í samræmi við ný ákvæði laga og starfaði hún í tengslum við endurskoðun sjóðsins fyrir árið 2009. Endurskoðunarnefnd er á vegum stjórnar og fer sérstaklega yfir alla endurskoðunarvinnu með endurskoðendum sjóðsins. Með því móti er reynt að tryggja betri yfirferð yfir endurskoðunarvinnuna að hálfu stjórnar.

Ný heimasíða var tekin í notkun á árinu og er hún verulega endurbætt frá eldri síðu, m.a. með tilliti til upplýsinga fyrir sjóðfélaga á síðunni. Það er ætlun okkar að bæta síðuna enn frekar og auka upplýsingastreymi til sjóðfélaga og gegnsæi í starfsemi sjóðsins. Einnig er nú unnið að enskri útgáfu á síðunni sem væntanlega mun líta dagsins ljós innan skamms. Með því vill sjóðurinn bæta þjónustu sína við erlenda sjóðfélaga og viðskiptaaðila sjóðsins.

Sjóðurinn hefur unnið að verkefni við að safna saman og koma á aðgengilegt form gögnum um eldri sjóði, sem eru fyrirrennarar Stapa lífeyrissjóðs. Verða gögnin bæði í innbundnu bókarformi og í rafrænu formi og þannig aðgengileg fyrir þá sem skoða vilja sögu þessara sjóða.

Dráttur hefur orðið á lagasetningu um Starfsendurhæfingarsjóð. Sjóðnum er ætlað að koma fólki, sem verður fyrir starfsorkuskerðingu, til aðstoðar eins fljótt og kostur er eftir áfall. Markmið sjóðsins er að draga markvisst úr líkum á því að fólk hverfi af vinnumarkaði vegna varanlegrar örorku, með aukinni virkni, eflingu endurhæfingar og öðrum úrræðum. Gert er ráð fyrir að 0,13% af iðgjöldum sem nú renna til lífeyrissjóðanna renni til Starfsendurhæfingarsjóðs. Ekki er ljóst, á þessu stigi hvaða áhrif þetta mun hafa á réttindaávinnslu í lífeyrissjóðunum, þ.e. hvort þetta minnkar réttindaávinnslu almennt sem þessu nemur eða hefur eingöngu áhrif á örorkulífeyri. Mikilvægt er að úr því verði skorið sem fyrst.

Í desember 2009 féll dómur í Hæstarétti í máli öryrkja sem höfðaði mál gegn Gildi lífeyrissjóði. Ágreiningsmálið snérist um breytingar á samþykktum lífeyrissjóðsins þar sem kveðið var á um að heimilt væri að líta til allra tekna öryrkja við mat á tekjutapi, en áður höfðu tekjur frá Tryggingastofnun ekki verið teknar með við tekjuútreikning. Með dómnum var staðfest að umræddar breytingar á samþykktum sjóðanna væru samkvæmt lögum. Gerðar voru breytingar á samkomulagi um samskipti lífeyrissjóða sem auðvelda eiga samskipti hvað varðar örorkulífeyrisúrskurði og samnýtingu örorkumata í því sambandi. Sjóðurinn hefur staðfest samkomulagið.

Skipulag á tekjuathugunum örorkulífeyrisþega hefur verið bætt og eru tekjuathuganir nú gerðar á 3ja mánaða fresti og byggjast á upplýsingum úr staðgreiðsluskrá. Er þetta til mikilla bóta, en áður voru tekjuathuganir gerðar árlega og byggðar á skattframtölum. Tekjuathugunin fór fram seint að hausti, þegar framtöl voru tilbúin, fyrir árið á undan. Oft höfðu tekjur örorkulífeyrisþega breyst mikið á þeim tíma sem liðinn var þannig að þessi aðferð var bæði svifasein og oft á tíðum óréttlát. Með aukinni tíðni og með því að nota staðgreiðsluupplýsingar er tekjueftirlit mun skilvirkara, sem bæði er til hagsbóta fyrir sjóðinn og örorkulífeyrisþega.

SKÝRSLA STJÓRNAR OG FRAMKVÆMDASTJÓRA

Stjórnvöld heimiluðu sérstaka útborgun úr séreign sem lið í aðstoð við heimilin í þeim skuldavanda sem við þeim blasir. Upphaflega var heimilt að taka út 1 milljón króna, í desember sl. var heimildin rýmkuð í 2,5 milljónir króna. Nokkuð hefur verið um að sjóðfélagar hafi nýtt sér þetta úrræði.

Miklar fréttir hafa verið af samningum lífeyrissjóðanna og stjórnvalda um aðkomu sjóðanna að ýmis konar verkefnum á vegum stjórnvalda. Hafa þessi samtöl verið á vegum Landssamtaka lífeyrissjóða og hefur Stapi lífeyrissjóður ekki komið að þeim með beinum hætti. Samtöl Landssamtakanna eru að þessu leyti óskuldbindandi fyrir sjóðinn. Þó hefur sjóðurinn komið að einu verkefni, með því að undirrita viljayfirlýsingu um fjármögnun vegna byggingu nýs Landsspítala.

Margir lífeyrissjóðir stóðu að stofnun Framtakssjóðs Íslands, sem ætlað er að fjárfesta í íslenskum fyrirtækjum, sem verið er að endurskipuleggja eftir hrun. Niðurstaða stjórnar Stapa lífeyrissjóðs var að taka ekki þátt í stofnun sjóðsins, enda ýmislegt í verkefninu sem gengur gegn ákvæðum í fjárfestingarstefnu sjóðsins.

Fjármálaeftirlitið gerði reglubundna úttekt á starfsemi sjóðsins í nóvember 2009. Niðurstaða úttektarinnar var að starfsemi sjóðsins væri í viðunandi horfi. Eftirlitið kom með ýmsar ábendingar og athugasemdir, sem sjóðurinn hefur brugðist við. Í nokkrum tilfellum er um álitamál að ræða sem lúta að túlkun laga um lífeyrissjóði, sem ekki hefur fengist óbyggjandi niðurstaða um.


ATBURÐIR FRÁ ÁRSLOKUM 2009 OG ÓVISSUÞÆTTIR Í REKSTRI

Enn er veruleg óvissa um ýmsa þætti í rekstri sjóðsins og efnahag. Samningar um uppgjör á gjaldmiðla-skiptasamningum hafa ekki tekist og mikil óvissa ríkir um verðmæti þeirra. Um áramótin voru 38% af eignum sjóðsins í erlendum gjaldmiðlum. Ekki eru möguleikar á að verja þessa stöðu fyrir sveiflum í gjaldmiðlum á meðan gjaldeyrishöft eru við lýði. Þessi opna staða hefur í för með sér talsverða áhættu í rekstri sjóðsins á árinu 2010.

Verulegar niðurfærslur hafa verið gerðar á skuldabréfasafni sjóðsins, en eins og fram kemur í ársreikningi er engin vissa fyrir því að tekið hafi verið tillit til mögulegs taps að fullu. Á árinu 2010 tilkynnti Ícelandair um tillögur að fjárhagslegri endurskipulagningu, þar sem gert er ráð fyrir því að stærstur hluti krafna óveðtryggðra kröfuhafa á hendur félaginu verði breytt í hlutfé. Ekki hefur fengist niðurstaða um þessa endurskipulagningu, en hún getur haft neikvæð áhrif á verðmæti eigna sjóðsins umfram það sem tilgreint er í ársreikningi.

Í lok mars ákvað stjórn sjóðsins að efna til útboðs um endurskoðun sjóðsins, bæði ytri og innri endurskoðun. Niðurstaða útboðsins kann að leiða til þess að breytt verði um endurskoðanda hjá sjóðnum.

Það sem af er árinu 2010 hefur afkoma safna sjóðsins verið sem hér segir:



SKÝRSLA STJÓRNAR OG FRAMKVÆMDASTJÓRA

STARFSUMHVERFI

Almennt var samdráttur í hagkerfum heimsins á árinu 2009. Áætlað er að landsframleiðsla á heimsvísu hafi dregist saman um 0,8%, en svo lítill gangur hefur ekki verið í hagkerfum heimsins frá lokum seinni heimstyrjaldarinnar. Mikill samdráttur var í hinum þróaða hluta heimsins eða um 3,2%. Misjafn gangur var í hagkerfum nýmarkaðsríkja en þar var hagvöxtur að meðaltali 2,1%. Gert er ráð fyrir að hagkerfi heimsins muni vaxa á ný á árinu 2010, en þó mismikið. Alþjóða gjaldeyrissjóðurinn gerir ráð fyrir 3,2% hagvexti yfir heiminn í heild. Gert er ráð fyrir hógværum vexti í hinum þróaðri hluta heimsins, en að áfram verði verulegur vöxtur í nýmarkaðslöndum, einkum í Asíu.

Eftirspurn í iðnríkjunum er almennt lítil og atvinnuleysi mikið. Heimilin og fjármálastofnanir kappkosta að greiða niður skuldir, eftirspurn fyrirtækja eftir lánsfé er lítil og fjárfestingar litlar. Vextir hafa því haldist lágir og verðbólga einnig. Ólíklegt er að þetta breytist fyrr en einkageirinn fer að vaxa á nýjan leik með aukinni eftirspurn og fjárfestingum.

Fjármálakerfi heimsins er enn veikburða og mörg af þeim vandamálum sem fjármálakreppan skapaði hafa ekki verið leyst að fullu. Skuldsetning er áfram mikil, þótt talsverður hluti hennar hafi færst frá einkageiranum yfir til hins opinbera. Raunar má búast við því að mörg ríki muni eiga erfitt með að standa í skilum með þær miklu byrðar sem lagðar hafa verið á herðar skattborgara framtíðarinnar, til að afstýra hruni fjármálakerfisins. Við höfum nýlega orðið vitni að erfiðleikum Grikklands og svipuð hættu er fyrir hendi í fleiri löndum. Alþjóða gjaldeyrissjóðurinn reiknar með að skuldir ríkissjóða í iðnríkjunum vaxi um 35% af landsframleiðslu frá 2007 til 2014 og verði þá um 109% af landsframleiðslu. Svo miklar ríkisskuldir eru fordæmalausar á friðartímum. Ef sagan er einhver dómari í þessum efnum þá er líklegt að slík skuldavandamál verði ekki leyst nema með verulegri verðbólgu eða með langvarandi tímabili lágra vaxta, lítillar eftirspurnar og lítils hagvaxtar, líkt og við höfum séð í Japan undanfarna áratugi.

Á Íslandi dróst landsframleiðsla saman um 6,5% að raungildi. Svo mikil lækkun landsframleiðslu hefur ekki orðið frá því Hagstofan hóf að taka saman tölur um þjóðhagsstærðir. Samdrátturinn var þó minni en vænta mátti og kemur þar einkum til mikið gengisfall krónunnar sem hleypt hefur nýju lífi í samkeppnis- og útflutningsgreinar.

Enn eru þó stór vandamál á Íslandi, sem hrunið skilur eftir sig og langan tíma mun taka að greiða úr. Miklar hækkanir urðu á eignaverði fyrir hrun, sem að stórum hluta voru fjármagnaðar með erlendu lánsfé. Stór hluti fjárfestinga síðustu ára var hvorki verðmætaskapandi, né bætti framleiðni í íslensku atvinnulífi. Flestar tengdust þær eignatilfærslum, sem þrýstu upp eignaverði. Hækkandi eignaverð og stórfelld skuldaaukning blés út efnahagsreikninga bæði heimila og fyrirtækja. Á fimm árum, fyrir 2008, lækkaði eigið fé íslenskra fyrirtækja að meðaltali úr 40% í 15%.

Stórfellt innflæði erlends lánsfjár styrkti krónuna til skamms tíma. Þar sem Seðlabankinn brást ekki við með sölu á krónum og uppbyggingu gjaldeyrisforða, hlaut þessi þróun að enda í gjaldeyriskreppu um leið og fjárstreymið snérist við og við þurftum að fara að greiða hin erlendu lán. Við hrunið lækkaði þannig ekki bara eignaverð, heldur hríðfell gjaldmiðillinn og skuldir í erlendri mynt stórhækkuðu í krónum talið. Á örfáum vikum má segja að efnahagur stórs hluta fyrirtækja og heimila hafi verið lagður í rúst. Þetta hefur skapað mikla þörf fyrir endurskipulagningu og aðlögun skulda að greiðslugetu bæði fólks og fyrirtækja. Eins og í öðrum löndum, sem upplifað hafa svipaðar hremmingar, þá er skuldaaðlögun af þessu tagi vandasöm bæði í efnahagslegu tilliti og út frá félagslegum sanngirnissjónarmiðum. Hún mun skapa óróa í samfélaginu og taka langan tíma. Þessi

SKÝRSLA STJÓRNAR OG FRAMKVÆMDASTJÓRA

Þróun setti mjög mark sitt á árið 2009.

Þá hefur síendurtekinn dráttur á því að samningar vegna innlánstrygginga við Breta og Hollendinga klárast, gert það að verkum að endurskoðun á áætlun Íslands og Alþjóða gjaldeyrissjóðsins hefur dregist. Þetta hefur leitt til þess að aðgangur Íslands að erlendum lánsfjármörkuðum er takmarkaður, gjaldeyrishöft hafa festst í sessi og lánsfjármögnun framkvæmda hefur dregist. Þá kann þessi dráttur einnig að setja endurfjármögnun hins opinbera og opinberra fyrirtækja í uppnám takist ekki að leysa deiluna í tíma. Allt þetta hefur seinkað þeirri enduruppbyggingu, sem nauðsynleg er, til að snúa megi hagkerfinu á ný í átt til hagvaxtar og framfara. Verðbólga var áfram mikil á árinu 2009, eða 8,6% en fór þó lækkandi. Vænta má að enn frekar dragi úr verðbólgu á árinu 2010. Gengi íslensku krónunnar gaf eftir um 7%, en var þó stöðugt þegar leið á árið og ströng gjaldeyrishöft virtust halda. Þannig styrktist krónan um 0,4% á síðasta fjórðungi ársins. Stýrivextir voru 18% í upphafi árs, en fóru svo að lækka frá og með mars og voru komnir í 10% í árslok. Þeir hafa síðan haldið áfram að lækka á árinu 2010. Atvinnuleysi hefur haldist mikið og fór í 9,3% í febrúar 2010. Gera má ráð fyrir að atvinnuleysi verði áfram mikið.


Spár gera ráð fyrir að íslenskt hagkerfi muni halda áfram að dragast saman á árinu 2010 eða um ríflega 3%, en hagvöxtur muni glæðast á árinu 2011. Ekki er þó á vísan að róa í því efni og ljóst er að næstu ár verða áfram erfið á Íslandi í efnahagslegu tilliti.

Skuldabréfamarkaður

Íslensk ríkisskuldabréf skiluðu mjög góðri ávöxtun annað árið í röð, en veltan var þó minni en árið 2008. Vísitala langra verðtryggðra ríkisskuldabréfa (OMXI10YI) skilaði 18,5% ávöxtun á árinu, vísitala styttri verðtryggðra ríkisskuldabréfa (OMXI5YI) 17,7% og vísitala óverðtryggðra ríkisskuldabréfa (OMXI5YNI) hækkaði mest eða um 21,8%.

Vegna væntinga um lækkandi verðbólgu fór ávöxtunarkrafa óverðtryggðra bréfa lækkandi framan af ári á meðan ávöxtunarkrafa verðtryggðu bréfanna hækkaði. Um mitt ár fór að gæta efasemda um að verðbólga myndi lækka jafn hratt og áður var talið og hægja fór á lækkun stýrivaxta. Ávöxtunarkrafa óverðtryggðra bréfa hækkaði við þetta og að sama skapi lækkaði krafan á verðtryggðum bréfum. Frá júlí fór krafan að lækka aftur og hefur farið hægt lækkandi síðan þá.

ÁVÖXTUNARKRAFA RÍKIS- OG ÍBÚÐARBRÉFA FRÁ ÁRSBYRJUN 2009.



SKÝRSLA STJÓRNAR OG FRAMKVÆMDASTJÓRA

Velta með ríkisskuldabréf á árinu 2009 var 2.725 milljarðar króna, sem er 52% af veltu ársins 2008. Mest var velta með ríkisbréf 1.647 ma., velta með íbúðarbréf var 928 ma. og með ríkisvixla 123 ma. Horfur eru á að markaður með ríkistryggð skuldabréf geti verið líflegur næstu árin, en skuldsetning ríkisins mun þýða umtalsverða útgáfu bréfa. Þá hefur fjölgun á flokkum, sem boðuð hefur verið, einnig jákvæð áhrif.


Velta með önnur markaðsskuldabréf, en ríkistryggð bréf var lítil. Voru það einkum skuldabréf einstakra sveitarfélaga og Lánasjóðs sveitarfélaga sem seldust. Ljóst er þó að ekki eru öll sveitarfélög jafn góðir skuldarar og má búast við að nokkur sveitarfélög lendi í vandræðum vegna mikillar skuldsetningar þegar fram í sækir. Nær engin viðskipti voru með skuldabréf banka og fyrirtækja á árinu 2009. Fjárfestar sleikja nú sárin eftir gríðarlegt tap í þessum eignaflokki. Líklegt er að mörg ár líði áður en þessi markaður nær sér á strik á nýjan leik og það mun tæplega gerast nema komið verði á traustu skipulagi og ströngum skilmálum í útgefnum bréfum. Íslensk fyrirtæki og bankar þurfa að ávinna sér traust sem trúverðugir skuldarar á nýjan leik. Fjárfestar eru fullir vantrúar á þessa aðila eftir reynslu síðustu ára. Þá hefur framgangna bankanna í endurskipulagningu fyrirtækja og framkoma gagnvart öðrum fjárfestum ekki verið til þess fallin að bæta ímynd þeirra hjá fjárfestum.

HLUTABRÉFAMARKAÐUR

Íslensk hlutabréf héldu áfram að lækka í byrjun árs og höfðu lækkað um 40% í mars, en tóku þá að hækka og enduðu árið í -18,5%. Var íslenski hlutabréfamarkaðurinn með lökustu ávöxtun alþjóðlegra hlutabréfamarkaða annað árið í röð. Markaðurinn er í miklu skötulíki, fá félög eru á markaðinum og veltan er óveruleg. Þannig var velta með hlutabréf aðeins 47,5 milljarðar kr. árið 2009. Til samanburðar var velta með hlutabréf 1.205 ma. árið 2008 og 3.096 ma. árið 2007.

Veruleg óvissa ríkir um framtíð íslensks hlutabréfamarkaðar. Hugmyndir hafa verið um að skrá sum af þeim fyrirtækjum, sem farið hafa í gegnum endurskipulagningu á markað og auka þannig fjölbreytni markaðarins. Það kann að vera leið til að byggja markaðinn upp að nýju. Engan veginn er þó víst að slíkt takist nema þá á mjög löngum tíma. Fjárfestar á Íslandi hafa tapað mikið á hlutabréfum og komið hefur í ljós að upplýsingar um mörg þessara fyrirtækja fyrir hrun voru verulega fegraðar, ef ekki beinlínis falsaðar. Því er líklegt að það taki nokkurn tíma að sannfæra Íslendinga að hlutabréf séu góður fjárfestingarkostur og að treysta megi umgjörðinni um markaðinn og þeim upplýsingum sem fyrirtæki veita um rekstur sinn, þ.m.t. endurskoðaðar ársskýrslur.

ÍSLENSKA ÚRVALSVÍSITALAN



SKÝRSLA STJÓRNAR OG FRAMKVÆMDASTJÓRA

Miklar breytingar hafa orðið á umhverfi framtaksfjárfestinga á síðustu tveimur árum. Verulega minni fjármunir hafa safnast til fjárfestinga í þessum eignaflokki, en áður. Kreppan hefur þannig dregið úr framboði fjármagns sem leitt hefur til þess að verð á fyrirtækjum hefur farið lækkanði, sem ætti að bæta afkomu framtaksfjárfestinga á næstu árum.

Vegna uppgjörsaðferða framtakssjóða þá voru lækkanir á skráðum mörkuðum á árinu 2008 og byrjun árs 2009 að koma inn í bækur þessara sjóða á síðasta ári og voru þeir því að lækka framan af ári og flestir þeirra skiluðu neikvæðri ávöxtun á árinu. Sjá mátti breytingar til hins betra undir lok ársins og má búast við að það haldi áfram nema skráðir markaðir taki að lækka á nýjan leik. Afkoma framtaksfjárfestinga ætti því að batna á árinu 2010.

Óhefðbundnar fjárfestingar

Afkoma í óhefðbundnum fjárfestingum var misjöfn á árinu 2009. Þannig hækkuðu hrávörur verulega í verði eftir að efnahagur ríkja tók að batna. Var það ekki síst vegna aukinnar eftirspurnar frá Kína og öðrum nýmarkaðsríkjum. Þannig hækkaði hrávöruvístalan S&P GSCI um 13,5% á árinu. Árið var einnig gott fyrir marksjóði, en breið vísitala marksjóðasjóða (HFRI FoF Diversified) hækkaði um 15,3% á árinu. Gera má ráð fyrir að árið 2010 verði áfram gott fyrir marksjóði.

Fasteignamarkaðir voru almennt erfiðir á árinu 2009, en tóku þó að hjarna við þegar líða tók á árið. Lækkanir urðu á flestum mörkuðum, nema einna helst á Norðurlöndunum þar sem hóflegar hækkanir voru á bilinu 1-4%. Sumstaðar lækkuðu markaðir verulega eða á bilinu 15-20%. Búast má við því að fasteignamarkaðir fari almennt batnandi verði hagþróun viðunandi, þótt verulegur munur sé frá einu landi til annars.

STARFSEMI SJÓÐSINS


Tryggingadeild:

LÍFEYRISMÁL

Lífeyrisgreiðslur Tryggingadeildar námu alls 2.733 milljónum króna og jukust um 17,5% frá fyrra ári. Á árinu fékk sjóðurinn greiddar 294,9 milljónir króna frá ríkinu í tengslum við samkomulag sem gert var um jöfnun örorkubyrði milli lífeyrissjóða. Greiðslan, sem jafngildir um 36% af örorkulífeyrisgreiðslum sjóðsins, er færð sem aukaframlag meðal iðgjalda. Lífeyrisbyrði sjóðsins sem hlutfall af iðgjöldum nam 56,2% samanborið við 44,1% á árinu 2008. Hækkunina má rekja til þess að lífeyrisgreiðslur hækkuðu verulega á árinu meðan iðgjöld drógust saman milli ára.

Á liðnu ári hófu 366 sjóðfélagar töku ellilífeyris, 262 einstaklingar fengu úrskurðaðan örorkulífeyri, 86 makalífeyri og 74 barnalífeyri. Þá fengu 160 einstaklingar eingreiðslu lífeyris þar sem um lítil réttindi var að ræða. Lífeyrisþegar voru í árslok 7.072 og hafði fjölgað um 7,8% frá fyrra ári.

SKIPTING LÍFEYRIS 2009




SKÝRSLA STJÓRNAR OG FRAMKVÆMDASTJÓRA

Ellilífeyrir hækkaði mest milli ára eða um 22%, örorkulífeyrir hækkaði um 11,5% og makalífeyrir um 8,6%. Barnalífeyrir lækkaði milli ára um 0,5%. Hækkun ellilífeyris má rekja til mikilla umsókna, en svo virðist sem sjóðfélagar sæki fyrr um lífeyri en áður sem e.t.v. má rekja til versnandi atvinnuástands hjá eldri félagsmönnum.

Hér að neðan má sjá upplýsingar um ástæður örorku í úrskurðum á árinu:

ÁSTÆÐUR ÖRORKU - ÚRSKURÐIR 2009




Fjárfestingarstefna og ráðstöfun fjármagns

Fjárfestingarstefna sjóðsins var endurskoðuð í lok árs 2009. Breytingar voru gerðar á stefnunni til að endurspegla nýjan veruleika. Með stefnunni er dregið úr áhættu í eignasafni sjóðsins í samræmi við þá almennu stefnu sjóðsins að takmarka möguleika á verulega neikvæðri útkomu þegar tryggingafræðilega staðan er veik. Vægi skuldabréfa í viðmiðunarvísitölu er aukið en dregið úr vægi áhættusamari eigna, eins og sjá má á eftirfarandi töflu:

Eignaflokkur	Heiti vísitölu	Eldra vægi	Nýtt vægi	Skýring
Innlend skuldabréf	Samsett vísitala ríkisskuldabréfa	45,0%	55,0%	Vísitala fyrir íslensk ríkisskuldabréf
Innlend hlutabréf	OMXI-6	5,0%	5,0%	Úrvalsvísitala íslenskra hlutabréfa
Erlend skuldabréf	JPM Global Bond Index	10,0%	10,0%	Alþjóðleg skuldabréfavisitala JP Morgan
Erlend hlutabréf	MSCI-World	20,0%	12,5%	Morgan Stanley heimsvísitala hlutabréfa
Aðrar fjárfestingar	HFRI FoF Diversf. Index	15,0%	12,5%	Breið marksjóðasjóða vísitala frá HFRI
Skammt.bréf og innlán	Vísitala skammtímaeigna	5,0%	5,0%	3ja mán. ríkisvixlar + innlán banka

Undirvísitölur gáfu mismunandi ávöxtun á síðasta ári eins og sjá má á neðangreindu línuriti:



SKÝRSLA STJÓRNAR OG FRAMKVÆMDASTJÓRA

Leyfilegum vikmörkum í einstökum eignaflokkum var ekki breytt og eru þau eftirfarandi:

Eignaflokkur	Vikmörk
Ríkisbréf	0-60%
Önnur markaðsskuldabréf	0-25%
Veðskuldabréf	0-10%
Erlend skuldabréf	0-20%
Innlend hlutabréf	0-10%
Erlend hlutabréf	0-30%
Aðrar fjárfestingar	0-30%
Skammtímafrétt og innlán	0-30%

Árangur sjóðsins er borinn saman við niðurstöðu viðmiðunarvísitölu, bæði hvað varðar ávöxtun og áhættu. Þá er einnig gerður samanburður við reiknivexti sjóðsins.

Við stýringu á áhættu sjóðsins er einkum litið til skuldbindingaráhættu, markaðsáhættu, skuldara- og greiðsluáhættu og samanburðaráhættu. Fylgst er reglubundið með þessum áhættuþáttum, m.a. í sérstökum hlífing- og ávöxtunarskýrslum og áhættumælingarskýrslum, sem reglulega eru unnar hjá sjóðnum.

Miklar breytingar urðu á eignasafni sjóðsins á árinu, bæði vegna breyttrar stefnu og vegna aðstæðna á markaði. Ríkisskuldabréf voru markvisst aukin í eignasafninu á kostnað skammtímaeigna, en ávöxtun skammtímaeigna var mjög há í upphafi árs en fór svo hratt lækandi í kjölfar lækandi stýrivaxta. Þá voru gjaldeyrishöft við lýði og fáir kostir í boði á innlendum markaði aðrir en ríkistryggð skuldabréf. Önnur markaðsskuldabréf lækkuðu sem hlutfall eigna, sem má rekja til frekari niðurfærslna. Þá var rúmlega 4 milljarða niðurfærsla í skammtímaeignum vegna kröfu á Straum Burðarás Fjárfestingarbanka, vegna vanlýsingar. Ekki er fullljóst hvort sú krafa kemst að, en vegna óvissu var ákveðið að færa hana alfarið niður. Samtals voru færðar niður eignir fyrir 7,1 milljarð króna til að mæta hugsanlegum töpum. Óverulegar breytingar urðu á eignasamsetningu að öðru leyti. Innleystar voru fjárfestingar í marksjóðum og lækkuðu aðrar erlendar fjárfestingar samsvarandi, en fjárfestingar í erlendum hlutabréfum og erlendum skuldabréfum voru auknar að sama skapi.

Breytingar á eignasamsetningu sjóðsins á árinu voru sem hér segir:


Eignaflokkur	Staða 31/12/2009	Staða 31/12/2008
Ríkisskuldabréf	35,8%	19,0%
Önnur innlend markaðsskuldabréf	13,1%	16,2%
Veðskuldabréf	3,3%	3,1%
Erlend skuldabréf	10,7%	8,6%
Innlend hlutabréf	2,1%	1,8%
Erlend hlutabréf	12,0%	9,6%
Aðrar erlendar fjárfestingar	8,7%	11,3%
Bankainnistæður og skammtímafrétt	14,9%	30,4%

SKÝRSLA STJÓRNAR OG FRAMKVÆMDASTJÓRA

ÁVÖXTUN OG ÁHÆTTA

Ávöxtun ársins 2009 var slök og árið það lakasta í sögu sjóðsins að frátöldu árinu 2008. Áhrifa bankahrunsins og fjármálakreppunnar sem af því leiddi koma enn glöggt fram í afkomu sjóðsins.

Sjóðurinn hefur skipt eignum sínum í það sem annars vegar hafa verið kallaðar tryggingaeignir og hins vegar það sem kallað er ávöxtunareignir. Tryggingaeignir, eru einkum skuldabréf og skammtímaeignir og er markmiðið með fjárfestingum í þessum eignum að þær séu öruggar og gefi nægjanlega tryggja ávöxtun til að standa undir skuldbindingum við flestar markaðsaðstæður. Það er stefna sjóðsins að tryggingaeignir séu á bilinu 55-80%. Ávöxtunareignum er ætlað að bæta ávöxtun sjóðsins til lengri tíma litið. Reiknað er með að þær sveiflist meira í verði en tryggingaeignir, enda er þar fyrst og fremst um að ræða fjárfestingar í áhættusamari eignaflokkum s.s. hlutabréfum og marksjóðum. Markmið sjóðsins er að ávöxtunareignir séu á hverjum tíma á bilinu 20-45% eigna. Þá hefur sjóðurinn stuðst við þá stefnu að takmarka möguleika á verulega neikvæðri ávöxtun þegar tryggingafræðileg staða er veik. Er það gert með því að auka hlutfall tryggingaeigna í safninu við þær aðstæður. Ljóst er að hrúðið hafði mikil áhrif á tryggingaeignir sjóðsins, þar sem töp sjóðsins voru fyrst og fremst í öðrum markaðsskuldabréfum, sem er hluti tryggingaeigna. Brugðist hefur verið við þessu með því að setja mun strangari skilyrði fyrir fjárfestingum í þeim eignaflokki í framtíðinni. Vægi tryggingaeigna í safninu hefur aukist í samræmi við stefnu sjóðsins, eins og sjá má á neðangreindu línuriti:




Fjármagnstekjur Tryggingadeildar voru 1,9 milljarðar, þegar búið er að taka tillit til sérstakrar niðurfærslu til að mæta hugsanlegum töpum. Þetta eru lágar tekjur þótt þær séu hærra en árið á undan þegar þær voru 311 milljónir. Fjármagnstekjur án sérstakrar niðurfærslu voru rúmlega 9 milljarðar króna.

Nafnávöxtun Tryggingadeildar var jákvæð um 1,9%, en raunávöxtun deildarinnar var neikvæð um 6,2% og er það þriðja árið í röð, sem raunávöxtun er neikvæð. Síðastliðin 5 ár er meðal raunávöxtunin neikvæð um 0,1% og síðastliðin 10 ár jákvæð um 1,4%. Hvoru tveggja nokkuð undir reiknivöxtum sjóðsins. Af sjálfu leiðir að þessi slaka ávöxtun hefur haft mjög neikvæð áhrif á tryggingafræðilega stöðu sjóðsins.


SKÝRSLA STJÓRNAR OG FRAMKVÆMDASTJÓRA

Nafn- og raunávöxtun undanfarinna ára er sem hér segir:




Ávöxtun sjóðsins, ef litið er fram hjá sérstakri niðurfærslu hefði verið 9,6% og raunávöxtun jákvæð um 0,9%.

Sjóðurinn seldi mikið af skráðum erlendum hlutabréfum á árinu 2008 til að verjast lækkunum. Gjaldeyrishöftin og veik tryggingafræðileg staða sjóðsins hafa gert það að verkum að sjóðurinn hefur farið hægt í að byggja þennan eignaflokk upp að nýju. Stór hluti erlendra hlutabréfa sjóðsins er því í svokölluðum framtaksfjárfestingum, sem eru sjóðir sem fjárfesta í óskráðum félögum. Slíkum sjóðum ber að verðmeta undirliggjandi fyrirtæki m.a. með tilliti til verðmats sambærilegra fyrirtækja á markaði. Slík verðlagning kemur hins vegar ekki inn í verðmat sjóðanna fyrr en eftirá, þannig að verðlækkanir á árinu 2008 og byrjun árs 2009 eru að koma inn í uppgjör þeirra 2009. Sjóðirnir gáfu góða ávöxtun árið 2008 og gefa laka ávöxtun 2009 í staðinn. Má gera ráð fyrir að ávöxtun sjóðsins hefði orðið um 3,5% betri árið 2009 ef sjóðirnir hefðu ávaxtast líkt og heimsvísitala hlutabréfa. Þetta jafnast hins vegar út yfir þennan tíma og hér fyrir neðan er sýnd ávöxtun framtakssjóða og skráðra hlutabréfa frá 2007-2009. Hafa ber í huga að þessar tölur eru í íslenskum krónum og vegna mikils falls krónunnar 2008 þá er ávöxtun verulega jákvæð á erlendum eignum í krónum talið:



SKÝRSLA STJÓRNAR OG FRAMKVÆMDASTJÓRA

Samanborið við viðmið var árangur sjóðsins slakur og helgast það fyrst og fremst af þeim niðurfærslum sem gerðar hafa verið á eignum í safni sjóðsins, en einnig hafði samsetning erlendu hlutabréfanna neikvæð áhrif, eins og áður er getið. Markaðsávöxtun einstakra flokka samanborið við viðmið var sem hér segir:



Ef ekki eru teknar með þær eignir sem færðar hafa verið niður þá var nafnávöxtun 12,7% og raunávöxtun 3,7% mv. markaðsverðmæti 2009.

Við stýringu á eignum sjóðsins er ávallt miðað við markaðsávöxtun eigna, en ekki bókhaldsávöxtun líkt og gert er í ársuppgjöri, þar sem skuldabréf eru metin á kaupávöxtunarkröfu. Hér fyrir neðan má sjá samanburð á þessu tvennu:


	2009	2008
Ávöxtun á markaðsvirði	4,66%	7,30%
Mismunur vegna kaupávöxtunar	(2,16%)	(3,55%)
Rekstrar- og fjármagnsgjöld	(0,11%)	(0,13%)
Gjaldeyrisvarnir	(0,24%)	(3,29%)
Aðrir liðir	(0,22%)	(0,12%)
Ávöxtun ársins	1,93%	0,21%

Árangur sjóðsins á árinu 2009 og ýmsar kennitölur honum tengdar eru sem hér segir:

	Stapi	Vísitala
Ávöxtun	4,66%	10,66%
Umframávöxtun	-6,00%	
Alfa	-0,07%	
Árangurshlutfall	-0,80	
Áhætta	5,88%	12,13%
Hermiskekka	7,45%	
Hlutfall jákvæðra mánaða	66,67%	83,33%
Mánaðarlegt vágildi (VAR 95%)	-2,42%	-4,93%

SKÝRSLA STJÓRNAR OG FRAMKVÆMDASTJÓRA

Síðastliðin 5 ár hefur árangur sjóðsins miðað við viðmiðunarvísitölu og skuldbindingar (NVT+3,5%) verið eftirfarandi:



Eins og sést vantar nokkuð á að sjóðurinn hafi náð að ávaxta eignir í takt við reiknivexti sjóðsins.

Markaðsáhætta (mánaðarlegt staðalfrávik ávöxtunar) sjóðsins er mæld mánaðarlega og borin saman við viðmið. Markmið sjóðsins hefur verið að markaðsáhætta sé að öllu jöfnu ekki meiri en er í viðmiðunarvísitölu sjóðsins. Síðastliðin 5 ár hefur samanburðurinn verið sem hér segir:


	2005	2006	2007	2008	2009	Allt tímabilið
Sjóðurinn	3,3%	5,7%	2,9%	18,2%	5,9%	7,2%
Vísitala	4,1%	6,2%	4,2%	23,1%	12,1%	9,9%
Mismunur	-0,8%	-0,5%	-1,3%	-4,9%	-6,3%	-2,8%
Hlutfall	80,5%	91,9%	69,0%	78,8%	48,5%	72,4%

Eins og sést hefur þetta markmið sjóðsins gengið nokkuð vel eftir. Sjóðurinn hefur sett sér eftirfarandi markmið að þessu leyti fyrir árið 2010:


Áhættuatriði	Markmið
Ávöxtun	9,0-10,0%
Áhætta	5,0-6,5%
Hlutfall tryggingaeygna	75-80%
Hlutfall ávöxtunareigna	20-25%

Ef lítið er á dreifni ávöxtunar yfir lengra tímabil, þá hefur hún lengst af verið á tiltölulega þröngu bili, þótt árið 2008 skeri sig nokkuð úr:

SKÝRSLA STJÓRNAR OG FRAMKVÆMDASTJÓRA



Sjóðurinn fylgist einnig með svokallaðri samanburðarháttu, sem einkum felst í því að bera saman eignasamsetningu sjóðsins við aðra lífeyrissjóði. Eins og sést á neðangreindu súluriti vísar samsetning Stapa lítið eitt frá meðaltali annarra sjóða. Frávikin eru einkum þau að Stapi er með hærra hlutfall ríkistryggðra skuldabréfa, erlendra skuldabréfa og skammtímbréfa, en minna hlutfall í fasteignatryggðum skuldabréfum og öðrum markaðsskuldabréfum.




Rétt er að taka fram að hér er um grófan samanburð að ræða, en tölurnar eru unnar upp úr því talnaefni sem Seðlabanki Íslands tekur saman um lífeyrissjóði. Flokkun eigna þar er ekki mjög nákvæm, sem rétt er að hafa í huga þótt samanburðurinn ætti að gefa vissar vísbendingar.



SKÝRSLA STJÓRNAR OG FRAMKVÆMDASTJÓRA


EFNAHAGUR OG TRYGGINGAFRÆÐILEG STAÐA

Hrein eign Tryggingadeildar til greiðslu lífeyris í árslok var 96.197,4 milljónir króna og hafði hækkað um 3.938,5 milljónir króna eða 4,3% frá árinu á undan. Eignasamsetning deildarinnar í árslok var sem hér segir (samanburður við samsetningu vísitölu):




Tryggingafræðileg afkoma sjóðsins var neikvæð á árinu um 8,2 milljarða króna sem er önnur lakasta afkoma sjóðsins frá upphafi. Aðeins útkoman 2008 þegar afkoman var neikvæð um 16,7 milljarða er lakari. Slaka útkomu má að mestu rekja til slakrar ávöxtunar á eignum sjóðsins sem var talsvert undir reiknivöxtum skuldbindinga. Aukinn lífaldur hafði einnig áhrif upp á 1,5% lakari afkomu. Í heild var tryggingafræðileg staða neikvæð um 10,8% í lok ársins. Þetta er fyrir neðan þau 10% mörk sem eru í lögum. Sett hafa verið bráðabirgðaákvæði í lögum um að staðan megi fara í allt að -15% tímabundið. Miðað við þessi bráðabirgðaákvæði er ekki lagaleg skylda til að færa niður réttindi í sjóðnum vegna stöðunnar. Ljóst er þó að erfitt er fyrir sjóðinn að ferðast með svo stóran mínus inn í framtíðina, enda ekki á vísan að róa með afkomu næstu árin. Af þessum sökum hefur stjórn sjóðsins ákveðið að leggja til við ársfund að réttindi verði færð niður um 5% til að rétta stöðuna. Ákveðið hefur verið að gera það með því að halda réttindum óbreyttum þar til vísitala neysluverðs hefur hækkað um 5% þannig að réttindin færist niður um 5% að raungildi.

Hér má sjá tryggingafræðilega afkomu sl. 10 ár.



Útgjöld sjóðsins falla til á löngum tíma svo nokkur tími er til stefnu til að vinna tapið upp með bættri ávöxtun. Ekki er þó á vísan að róa í því og því mikilvægt að bregðast við áður en tryggingafræðilegur halli verður of mikill. Á eftirfarandi línuriti má sjá áætlaðar tekjur, gjöld og sjóðsstöðu fram til ársins 2090. Eins og sést á þessu verður sjóðurinn uppurinn árið 2057 en þá verða enn eftir talsverð réttindi til að greiða út. Mikilvægt er því að loka neikvæðri tryggingafræðilegri stöðu sem allra fyrst þannig að draga megi úr þessari óvissu.

SKÝRSLA STJÓRNAR OG FRAMKVÆMDASTJÓRA




IÐGJÖLD OG SJÓÐFÉLAGAR

Alls greiddu 18.186 sjóðfélagar hjá 2.376 launagreiðendum iðgjöld til tryggingadeildar sjóðsins á árinu 2009. Iðgjöld námu, að teknu tilliti til framlags ríkisins til jöfnunar örorkubyrði, 4.876 milljónum króna og lækkuðu um 2,8% frá fyrra ári.

Alls greiddu 50 stærstu launagreiðendurnir um 55% af iðgjöldum til sjóðsins.


30 STÆRSTU LAUNAGREIÐENDUR 2009



Breytingar hafa orðið verulegar á atvinnugreinaskiptingu síðustu ár og vægi byggingaiðnaðar sem fór hæst í 33% af iðgjöldum sjóðsins á árinu 2007 er nú komið í 10% á árinu 2009. Vægi annarra atvinnugreina eykst og er vægi þeirra nú í átt við það sem var fyrir virkjanaf framkvæmdir á Austurlandi.

SKÝRSLA STJÓRNAR OG FRAMKVÆMDASTJÓRA


SKIPTING IÐGJALDA EFTIR ATVINNUGREINUM



REKSTUR

Rekstrarkostnaður Tryggingadeildar nam 63,6 milljónum króna samanborið við 73,9 milljónir króna á árinu 2008 og lækkaði þannig um ríflega 13% á milli ára. Við samanburð á þessum tölum ber þó að hafa í huga að á árinu 2009, eru þóknarir vegna endurgreiðslna á lífeyrisgreiðslum útlendinga utan ESB færðar til lækkunar á kostnaði nokkuð hærrí en á árinu 2008. Fjárfestingargjöld deildarinnar námu 44,1 milljón króna samanborið við 48,1 milljónir króna árið áður og lækkuðu fjárfestingargjöld því um 8,3% milli ára. Heildarkostnaður Tryggingadeildar var þannig 107,7 milljónir króna eða sem svarar 0,11% af heildar eignum deildarinnar samanborið við 122,1 milljónir eða 0,13% króna á árinu 2008. Sé hins vegar tekið tillit til ofangreindra þóknana er heildarkostnaður deildarinnar 0,14% á árinu 2009.

ÞRÓUN HEILDARKOSTNAÐAR



SKÝRSLA STJÓRNAR OG FRAMKVÆMDASTJÓRA

SÉREIGNARDEILD:

LÍFEYRISMÁL OG SÉRSTÖK ÚTGREIÐSLA

Lífeyrisgreiðslur á árinu 2009 námu samtals 173,9 milljónum króna, samanborið við 41,7 milljónir árið áður, sem er hækkun um 317% milli ára. Þessi aukning skýrist að stærstum hluta af lagabreytingum. Nú er heimilt að taka allan séreignarsparnaðinn út þegar viðkomandi réttthafi hefur náð 60 ára aldri. Áður varð að dreifa útborgunum á 7 ár eða þann tíma sem viðkomandi vantaði á að ná 67 ár aldri. Þá hefur efnahagsástand eflaust haft einhver áhrif á að einstaklingar hafa nýtt þennan sparnað fyrir og í meira mæli en annars hefði verið. Samtals tóku 382 út inneign sína í eingreiðslu á árinu, en 11 völdu að fara á mánaðarlegar greiðslur og 6 fengu greiðslur vegna orkutaps.

Lögum var breytt á árinu 2009 sem heimiluðu sérstaka tímabundna útgreiðslu á séreignarsparnaði. Samtals nýttu 355 réttthafar sér rétt til sérstakrar útgreiðslu á árinu og námu þær samtals 170,9 milljónum króna. Réttthafar sem greiða reglulega til deildarinnar voru 1.028 á árinu 2009. Iðgjöld Séreignardeildar á árinu námu samtals 245,5 milljónum króna. Þar af voru flutningar til deildarinnar 63,5 milljónir meira en flutningar frá deildinni. Hækkun iðgjalda milli ára nam 28,5%.

FJÁRFESTINGARSTEFNA OG STÝRING ÁHÆTTU

Séreignardeildin býður upp á þrjú ávöxtunarsöfn, með mismunandi áhættu. Safn I hefur að markmiði að ná öruggri ávöxtun til lengri tíma litið, með hóflegri áhættu. Safnið er að stórum hluta fjárfest í skuldabréfum, einkum íslenskum ríkisskuldabréfum. Fjárfest er í markaðsverðbréfum þannig að ávöxtun safnsins sveiflast í takt við sveiflur á markaði. Safn II er áhættusamara safn með meiri heimildum til fjárfestinga í hlutabréfum og erlendum verðbréfum. Markmið safnsins er að hámarka ávöxtun til lengri tíma litið. Safnið er fjárfest í markaðsverðbréfum og má búast við nokkrum sveiflum í ávöxtun þess. Safn III er alfarið ávaxtað í innlánum. Það er áhættuminnsta safnið þar sem sveiflur í ávöxtun eru í lágmarki. Ávöxtun safnsins mun að mestu taka mið af breytingum á verðbólgu og vaxtakjörum innlánsstofnana. Vikmörk vegna fjárfestinga í mismunandi eignaflokkum eru sem hér segir:

Eignaflokkar	Safn I	Safn II	Safn III
Innlend skuldabréf	0-100%	0-100%	
Innlend ríkisskuldabréf	0-100%	0-80%	
Traust innlend markaðsskuldabréf	0-20%	0-20%	
Skammtímafrétt og innlán	0-100%	0-100%	0-100%
Skammtímasjóðir	0-25%	0-40%	
Verðtryggð innlán	0-100%	0-80%	0-100%
Óverðtryggð innlán	0-100%	0-80%	0-100%
Innlend hlutabréf	0-20%	0-20%	
Erlend verðbréf	0-30%	0-50%	
Erlend hlutabréf	0-20%	0-40%	
Erlend skuldabréf	0-20%	0-20%	
Erlend skammtímafrétt		0-20%	
Erlend marksjóðir		0-20%	

SKÝRSLA STJÓRNAR OG FRAMKVÆMDASTJÓRA


Öllum söfnunum eru sett markmið um ávöxtun og áhættu og skilgreindar eru viðmiðunarvístölur fyrir hvert safn, skv. eftirfarandi:

	Safn I	Safn II	Safn III
Markmið um ávöxtun	7-10%	10-15%	4-7%
Markmið um áhættu	5-8%	7-14%	1-3%
Viðmiðunarvísitala:			
Innlend skuldabréf	75%	50%	
Innlend hlutabréf	5%	10%	
Erlend hlutabréf	10%	20%	
Erlend skuldabréf		15%	
Innlán og skammtímbréf	10%	5%	100%

ÁVÖXTUN OG EFNAHAGUR


Afkoma allra safnanna var góð á árinu 2009. Öll innlend skuldabréf safnanna eru ríkisskuldabréf. Ástæðan er sú að lögð hefur verið mikil áhersla á að eignir safnanna séu vel seljanlegar m.a. til að verjast greiðsluáhættu, t.d. ef stórar eignir yrðu fluttar frá þeim. Söfnin urðu því ekki fyrir tjóni vegna innlendra fyrirtækjaskuldabréfa líkt og Tryggingadeild. Nafn- og raunávöxtun safna Séreignardeildar var sem hér segir:

NAFNÁVÖXTUN OG RAUNÁVÖXTUN SAFNA 2009



Söfn I og II hafa verið starfrækt síðan 1999, en Safn III var sett á stofn 2008. Ávöxtun safna I og II sl. fimm ár var sem hér segir:


ÁVÖXTUN SAFNA SÍÐUSTU 5 ÁRIN NAFNÁVÖXTUN OG RAUNÁVÖXTUN




SKÝRSLA STJÓRNAR OG FRAMKVÆMDASTJÓRA

Öll söfnin náðu betri árangri en sú viðmiðunarvísitala sem hverju safni er sett. Árangurinn var sem hér segir:


SAMANBURÐUR Á ÁVÖXTUN SAFNA OG VIÐMIÐUNARVÍSITALNA 2009



Heildareignir deildarinnar námu 4,1 milljarði í árslok og höfðu hækkað um 17,1% frá fyrra ári, sem rekja má til góðrar ávöxtunar. Eignasamsetning safnanna var sem hér segir í árslok:



Þróun ávöxtunar safnanna yfir árið var sem hér segir:



SKÝRSLA STJÓRNAR OG FRAMKVÆMDASTJÓRA

LOKAORÐ

Árið 2009 var annað árið í röð sem var erfitt í rekstri Stapa lífeyrissjóðs. Sú fjármálakreppa sem riðið hefur yfir heiminn og Ísland sérstaklega hefur haft mikil og neikvæð áhrif á afkomu sjóðsins. Er nú svo komið að ekki verður hjá því komist að grípa til ráðstafana vegna þessa. Slíkar ráðstafanir eru alltaf sársaukafullar fyrir þá sem í hlut eiga. Stjórn sjóðsins vonast þó til þess að sú aðferð sem valin hefur verið hafi minnst áhrif á þá sem hafa afkomu sína að einhverju eða verulegu leyti af tekjum frá sjóðnum. Ekki er á vísan að róa hvað framtíðina varðar og því ekki ráðlegt að gera ekkert við þessar aðstæður. Stjórnin vonast til að þessar aðgerðir dugi til að fjárhagur sjóðsins verði innan ásættanlegra marka til framtíðar litið. Engan vegin er þó hægt að fullyrða að svo verði, en dregið hefur verið úr áhættu í eignasöfnum sjóðsins til að minnka líkur á frekara tjóni. Hvort það nægir mun framtíðin ein skera úr um.

Stjórnin þakkar framkvæmdastjóra og starfsmönnum gott samstarf á liðnu starfsári. Sömu þakkir eru færðar til lífeyrisþega, sjóðfélaga og launagreiðenda sjóðsins.



STAPI LÍFEYRISSJÓÐUR ÁRSREIKNINGUR 2009

SKÝRSLA STJÓRNAR

Árið 2009 var erfitt rekstrarár fyrir Stapa lífeyrissjóð. Afkoma Tryggingadeildar sjóðsins var slök annað árið í röð og er tryggingafræðileg staða deildarinnar erfið. Rekstur allra safna Séreignardeildar gekk á hinn bóginn vel, en engin fyrirtækjaskuldabréf eða gjaldeyrisvarnarsamningar voru í eignasöfnum safnanna sem skýrir þennan mun að mestu.

Árið 2009 einkenndist af efnahagssamdrætti og harkalegri aðlögun eftir eignabólur undanfarinna ára og efnahagshrunið haustið 2008. Endurskipulagning efnahagslífs og fjármálakerfis hefur gengið hægt fyrir sig og mikil óvissa ríkir enn um verðmæti eigna og afdrif margra fyrirtækja og heimila. Ljóst er að langur tími mun líða áður en öll kurl eru komin til grafar í þeim efnahagshremmingum sem gengið hafa yfir íslenskt þjóðfélag.

Þeir eignaflokkar þar sem tjón Tryggingadeildar sjóðsins var mest árið 2008, höfðu áfram neikvæð áhrif á afkomu deildarinnar. Hér er einkum um að ræða skuldabréf innlendra fyrirtækja. Við mat á þessum eignaflokki í bókum sjóðsins í árslok 2008 voru varúðarsjónarmið höfð að leiðarljósi til að komast hjá ofmati. Því miður reyndust flest þeirra fyrirtækja, sem gefið hafa út skuldabréf á innlendum markaði undanfarin ár, vera mun verr farin en gert var ráð fyrir. Mörg þeirra hafa farið í þrot og endurskipulagning annarra verið langdregin. Almennt hefur niðurstaðan orðið sú að lítið sem ekkert hefur komið upp í kröfur óveðtryggðra kröfuhafa eins og lífeyrissjóða. Kröfur í þessum eignaflokki voru því færðar enn meira niður á árinu. Gerð er sérstök grein fyrir þessum niðurfærslum í skýringum með ársreikningnum.

Mikil óvissa ríkti í lok árs 2008 um mat á afleiðusamningum sem sjóðurinn hafði gert við banka sem fóru í þrot á árinu 2008. Samningar þessir voru einkum gerðir til að verja gjaldeyrisáhættu. Þrátt fyrir talsverð fundahöld með skilanefndum bankanna á árinu 2009 hefur engin niðurstaða fengist. Samningar hafa ekki náðst og ekki hefur enn komið til kasta dómstóla. Hér er um verulegan óvissuþátt að ræða í efnahag sjóðsins og ljóst að niðurstaðan getur haft mikil áhrif á afkomu og efnahag sjóðsins. Gerð er sérstök grein fyrir mati á þessum samningum og mögulegri útkomu miðað við mismunandi forsendur í skýringum með ársreikningnum.

Sjóðurinn varð fyrir miklu áfalli um mitt sumar 2009 þegar í ljós kom að lögmannsstofa, sem unnið hefur fyrir sjóðinn til margra ára, lýsti kröfum í protabú Straums-Burðaráss Fjárfestingarbanka hf. eftir að kröfulýsingarfrestur var útrunninn. Þetta gerðist þrátt fyrir að lögmannsstofan hafi fengið öll tilskilin gögn vegna kröfunnar frá sjóðnum með góðum fyrirvara. Um er að ræða háa kröfu eða um 4,4 milljarða króna. Sjóðurinn brást við með því að setja þegar af stað vinnu við að fá samþykki annarra kröfuhafa við að koma kröfunni að. Ekki er enn komin niðurstaða í hvort sjóðurinn hefur árangur sem erfiði í því efni. Jafnframt hefur sjóðurinn leitað lögfræðilíta á því hvort krafan muni komast að, þrátt fyrir vanlýsingu, komi til nauðasamninga um protabúið eins og stefnt er að. Niðurstaða þessara lögfræðilíta er á þá leið að krafan komist að við þær aðstæður. Til þess að fá úr því skorið verður þó væntanlega að höfða viðurkenningarmál. Þrátt fyrir þetta var það mat stjórnenda sjóðsins, að svo mikil óvissa ríkti um afdrif kröfunnar, að ekki væri annað verjandi en að færa hana niður að fullu. Þessi niðurfærsla hafði veruleg áhrif til hins verra á afkomu sjóðsins á árinu og gerir tryggingafræðilega stöðu sjóðsins lakari um 1-2%.

Á árinu 2009 greiddu 18.186 sjóðfélagar hjá 2.376 launagreiðendum iðgjöld til sjóðsins og námu iðgjöld ársins 5.121,5 millj. kr. Iðgjöld til Tryggingadeildar voru 4.876 millj. kr. og lækkuðu um 2,8% frá fyrra ári. Iðgjöld til Séreignardeildar hækkuðu um 28,5%. Fjöldi virkra sjóðfélaga þ.e. sjóðfélaga sem að jafnaði greiða iðgjöld til sjóðsins með reglubundnum hætti í mánuði hverjum var 12.527 hjá Tryggingadeild og 1.028 hjá Séreignardeild

Heildarlífeyrisgreiðslur Tryggingadeildar sjóðsins á árinu námu 2.742 milljónum króna og hækka um 17,4% frá fyrra ári. Ellilífeyrir nam 1.697,6 millj. kr. örorkulífeyrir nam 809 millj. kr. makalífeyrir nam 197,4 millj. kr. og barnalífeyrir 37,4 millj. kr. Þá námu lífeyrisgreiðslur úr Séreignardeild 344,7 millj. kr. Þar af var sérstök útborgun séreignar skv. lögum 170,8 milljónir króna. Lífeyrisþegar í árslok voru 7.072.

Rekstrarkostnaður sjóðsins á árinu 2008 var 77,0 millj.kr. og lækkar um 8,7% á milli ára. Rekstrarkostnaður sem hlutfall af eignum var 0,07% samanborið við 0,08% árið áður. Meðalfjöldi starfsmanna á árinu var 10,3 líkt og árið áður og námu heildar launagreiðslur 65,7 millj. kr. á árinu.

Hrein eign Tryggingadeildar til greiðslu lífeyris nam 96.197 millj. króna og hækkaði um 3.938 milljónir frá fyrra ári eða 4,3%. Nafnávöxtun deildarinnar var jákvæð um 1,9% en raunávöxtun neikvæð um 6,2%. Hrein eign Séreignardeildar var 4.106 millj. kr. og hækkaði um 17,8% frá fyrra ári. Séreignardeildin býður upp á þrjár ávöxtunarleiðir, Safn I, Safn II og Safn III og var hrein raunávöxtun leiðanna 10,9%, 11,5%, og 9,2% á árinu.

Tryggingafræðileg úttekt hefur verið gerð á stöðu Tryggingadeildar sjóðsins í árslok 2009. Tryggingafræðileg afkoma ársins var neikvæð um 8.239,1 millj. kr. sem fyrst og fremst má rekja til slakrar ávöxtunar á eignum sjóðsins á árinu. Tryggingafræðileg staða sjóðsins var neikvæð í árslok um 21.145,1 millj. kr. eða 10,8%. Neikvæð tryggingafræðileg staða deildarinnar er innan leyfilegra marka skv. tímabundnu ákvæði í lögum sem heimilar 15% neikvæða stöðu án þess að til skerðingar komi. Því þarf ekki að skerða réttindi vegna þessarar niðurstöðu. Í úttektinni er ekki tekið tillit til framlags ríkisins vegna jöfnunar á örorkubyrði. Væri það gert myndi hallinn minnka í -8,4%. Í skýringu 2 í ársreikningnum er gerð grein fyrir því hvaða áhrif óvissa í mati eigna sjóðsins getur haft á tryggingafræðilega stöðu Tryggingadeildar sjóðsins. Skv. því mati gæti staða deildarinnar batnað þannig að tryggingafræðileg staða hennar yrði -8,9% eða að gæti versnað og orðið -14,5%. Sambærilegar tölur væru -6,5% og -12,1% ef reiknað væri með að framlag ríkisins til jöfnunar á örorkubyrði væri til frambúðar.

Stjórn Stapa lífeyrissjóðs og framkvæmdastjóri staðfesta hér með ársreikning 2009 með áritun sinni.

Akureyri, 22. febrúar 2010

Stjórn:

Sigurður Hólm Freysson

Sigrún Björk Jakobsdóttir

Aðalsteinn Árni Baldursson

Anna María Kristinsdóttir

Björn Snæbjörnsson

Guðrún Ingólfssdóttir

Framkvæmdastjóri:

Kári Arnór Kárason

ÁRITUN ÓHÁÐS ENDURSKOÐANDA

Stjórn og sjóðfélagar Stapa lífeyrissjóðs

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Stapa lífeyrissjóðs fyrir árið 2009. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris, efnahagsreikning, sjóðstreymi, skýringar, kennitölur ásamt deildaskiptu yfirliti.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög og settar reikningsskilareglur. Samkvæmt því ber þeim að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og reikningshaldslegu mati miðað við aðstæður.

Ábyrgð endurskoðenda

Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum, skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sjóðsins sem varðar gerð og framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits sjóðsins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sjóðsins á árinu 2009, efnahag hans 31. desember 2009 og breytingu á handbæru fé á árinu 2009, í samræmi við lög og settar reikningsskilareglur.

Án þess að gera um það fyrirvara í álit okkar viljum við vekja athygli á skýringu nr. 2 sem fjallar um mat og framsetningu skulda tengdum framvirkum gjaldmiðlasamningum og öðrum afleiðusamningum. Óvissa er um endanlega niðurstöðu um uppgjör samninganna.

Akureyri, 22. febrúar 2010.

PricewaterhouseCoopers hf.

Davíð Búi Halldórsson
löggiltur endurskoðandi

ÁRITUN TRYGGINGASTÆRÐFRÆÐINGS

Til stjórnar og fulltrúaráðs Stapa lífeyrissjóðs

Undirritaður hefur metið lífeyrisskuldbindingar Stapa lífeyrissjóðs í árslok 2009. Matið er framkvæmt í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 391/1998 um tryggingafræðilegar athuganir á lífeyrissjóðum og forsendur fyrir þeim og leiðbeinandi reglur Félags íslenskra tryggingastærðfræðinga um tryggingafræðilegt mat á stöðu lífeyrissjóða.

Forsendur sem miðað er við eru m.a. líflíkur árána 2004-2008, meðalörökulíkur íslenskra lífeyrissjóða og 3,5% vexti p.a.

Yfirlit yfir helstu niðurstöður matsins er að finna í skýringu nr. 14.

Skuldbindingar sjóðsins eru reiknaðar á grundvelli upplýsinga úr iðgjalda- og lífeyrisbókhaldi sjóðsins um áunnin réttindi virkra og óvirkra sjóðfélaga skipt eftir aldri þeirra og lífeyrisgreiðslur til einstakra sjóðfélaga í árslok 2009. Miðað er við réttindaákvæði í samþykktum sjóðsins.

Í matinu eru reiknaðar út áfallnar skuldbindingar vegna þeirra sjóðfélaga, sem þegar eiga réttindi í sjóðnum og áætlaðar framtíðarskuldbindingar vegna þeirra iðgjalda, sem ætla má að virkir sjóðfélagar greiði til sjóðsins þar til þeir hefja töku lífeyris. Þessi áætluðu framtíðariðgjöld svo og áætlaður rekstrarkostnaður og fjármagnsgjöld í framtíðinni eru núvirt miðað við árslok 2009. Þá er í matinu tekið tillit til endurmats á skuldabréfaeign sjóðsins, en hún hefur verið núvirt miðað við sömu ávöxtunarkröfu og skuldbindingarnar eða 3,5%.

Niðurstaða athugunarinnar er sú að skuldbindingar Stapa lífeyrissjóðs eru 10,8% umfram eignir í hlutfalli af skuldbindingum.

Reykjavík, 22. febrúar 2010

Bjarni Guðmundsson
tryggingastærðfræðingur

YFIRLIT UM BREYTINGAR Á HREINNI EIGN TIL GREIÐSLU LÍFEYRIS Á ÁRINU 2009

	Skýringar	2009	2008
Iðgjöld			
Iðgjöld sjóðfélaga.....		1.650.280	1.747.611
Iðgjöld launagreiðenda.....		3.338.152	3.529.185
Réttindaflutningur og endurgreiðslur.....	(161.746)	(280.069)
Framlag ríkisins til jöfnunar örorkubyrði.....		294.853	212.747
<i>Iðgjöld</i>	1	<u>5.121.539</u>	<u>5.209.474</u>
Lífeyrir			
Lífeyrir.....	3	3.086.370	2.377.454
Umsjónarnefnd eftirlauna.....	(8.481)	(9.855)
Annar beinn kostnaður vegna örorkulífeyris.....		4.928	7.240
<i>Lífeyrir</i>		<u>3.082.818</u>	<u>2.374.839</u>
Fjárfestingartekjur			
Tekjur af eignarhlutum.....	4	52.117	(3.749.599)
Tekjur af húseignum og lóðum.....		122	0
Vaxtatekjur og gengismunur.....	5	9.736.237	16.262.643
Niðurfærsla verðbréfa.....	9	(7.140.283)	(11.455.997)
<i>Fjárfestingartekjur</i>		<u>2.648.193</u>	<u>1.057.047</u>
Fjárfestingargjöld			
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður.....		50.421	53.306
Rekstrarkostnaður			
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður		76.966	84.290
Hækkun á hreinni eign á árinu		4.559.527	3.754.085
Hrein eign frá fyrra ári.....		<u>95.743.587</u>	<u>91.989.502</u>
Hrein eign í árslok til greiðslu lífeyris		<u>100.303.114</u>	<u>95.743.587</u>

EFNAHAGSREIHINGUR 31.DESEMBER 2009

	Skýringar	2009	2008
Eignir			
Fjárfestingar			
Húseignir og lóðir.....	1, 6	68.800	70.400
Verðbréf með breytilegum tekjum.....	1, 7	40.132.941	35.585.404
Verðbréf með föstum tekjum.....	1, 8	51.749.573	35.820.084
Veðlán.....	1, 8	1.172.361	1.220.822
Bundnar bankainnstæður.....		2.321.665	6.137.548
Fullnustueignir.....		3.329	0
<i>Fjárfestingar</i>		<u>95.448.669</u>	<u>78.834.257</u>
Kröfur			
Kröfur á launagreiðendur.....		671.451	668.751
Aðrar kröfur.....		31.885	1.306.946
<i>Kröfur</i>		<u>703.336</u>	<u>1.975.697</u>
Aðrar eignir			
Rekstrarfjármunir	1, 6	1.578	2.636
Sjóður og veltiinnlán.....		9.872.004	20.632.881
<i>Aðrar eignir</i>		<u>9.873.582</u>	<u>20.635.517</u>
Eignir samtals		106.025.588	101.445.471
Skuldir			
Skuldir við lánastofnanir.....	2, 11	5.665.090	5.654.042
Aðrar skuldir.....	11	57.384	47.842
<i>Skuldir</i>		<u>5.722.474</u>	<u>5.701.884</u>
Hrein eign til greiðslu lífeyris		<u>100.303.114</u>	<u>95.743.587</u>
Mat á áunnum lífeyrisskuldbindingum	14		

SJÓÐSTREYMI ÁRSINS 2009

	Skýringar	2009	2008
Inngreiðslur			
Iðgjöld.....		5.110.364	5.094.494
Fjárfestingartekjur		3.909.049	4.322.850
Afborganir verðbréfa.....		2.755.277	1.916.429
Seld verðbréf með breytilegum tekjum.....		11.667.528	33.352.019
Seld verðbréf með föstum tekjum.....		7.694.547	35.837.169
Seldar aðrar fjárfestingar.....		0	20.000
Aðrar inngreiðslur.....		1.281.902	0
		<u>32.418.667</u>	<u>80.542.961</u>
Útgreiðslur			
Lífeyrir.....		3.082.818	2.162.092
Fjárfestingargjöld.....		49.703	51.091
Rekstrarkostnaður án afskrifta.....		76.627	79.714
Aðrar útgreiðslur.....		3.329	1.304.343
		<u>3.212.477</u>	<u>3.597.240</u>
Ráðstöfunarfé til kaupa á verðbréfum og annarri fjárfestingu		29.206.190	76.945.721
Kaup á verðbréfum og önnur fjárfesting			
Kaup á verðbréfum með breytilegum tekjum.....		14.401.955	11.596.010
Kaup á verðbréfum með föstum tekjum.....		25.049.060	39.902.437
Hækkun á bundnum bankainnstæðum.....		516.052	5.157.817
Aðrar fjárfestingar.....		0	0
		<u>39.967.068</u>	<u>56.656.264</u>
(Lækkun) hækkun á sjóði og veltiinnlánum	12	(10.760.877)	20.289.457
Sjóður og veltiinnlán í ársbyrjun		<u>20.632.881</u>	<u>343.424</u>
Sjóður og veltiinnlán í árslok		<u>9.872.004</u>	<u>20.632.881</u>

DEILDASKIPT YFIRLIT UM BREYTINGAR Á HREINNI EIGN TIL GREIÐSLU LÍFEYRIS Á ÁRINU 2009

	Skýringar	Tryggingadeild	Séreignardeild	Samtals
Iðgjöld				
Iðgjöld sjóðfélagar.....		1.543.868	106.412	1.650.280
Iðgjöld launagreiðendur.....		3.262.541	75.611	3.338.152
Réttindaflutningur og endurgreiðslur.....		(225.214)	63.468	(161.746)
Framlag ríkisins til jöfnunar örorkubyrði.....		294.853	0	294.853
<i>Iðgjöld</i>	1	<u>4.876.047</u>	<u>245.492</u>	<u>5.121.539</u>
Lífeyrir				
Lífeyrir.....	3	2.741.584	344.786	3.086.370
Umsjónarnefnd eftirlauna.....		(8.481)	0	(8.481)
Annar beinn kostnaður vegna örorkulífeyris.....		4.928	0	4.928
<i>Lífeyrir</i>		<u>2.738.032</u>	<u>344.786</u>	<u>3.082.818</u>
Fjárfestingartekjur				
Tekjur af eignarhlutum.....	4	52.116	1	52.117
Tekjur af húseignum og lóðum.....		122	0	122
Vaxtatekjur og gengismunur.....	5	8.996.242	739.995	9.736.237
Niðurfærsla verðbréfa.....	9	(7.140.283)	0	(7.140.283)
<i>Fjárfestingartekjur</i>		<u>1.908.197</u>	<u>739.996</u>	<u>2.648.193</u>
Fjárfestingargjöld				
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður.....		44.085	6.336	50.421
Rekstrarkostnaður				
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður.....		63.625	13.341	76.966
Hækkun á hreinni eign á árinu				
Hrein eign frá fyrra ári.....		92.258.867	3.484.720	95.743.587
Hrein eign í árslok til greiðslu lífeyris		<u>96.197.369</u>	<u>4.105.745</u>	<u>100.303.114</u>

DEILDASKIPUR EFNAHAGSREIKNINGUR 31.DESEMBER 2009

	Skýringar	Tryggingadeild	Séreignardeild	Samtals
Eignir				
Fjárfestingar				
Húseignir og lóðir.....	1, 6	68.800	0	68.800
Verðbréf með breytilegum tekjum.....	1, 7	38.592.168	1.540.772	40.132.941
Verðbréf með föstum tekjum.....	1, 8	49.500.967	2.248.607	51.749.573
Veðlán.....	1, 8	1.172.361	0	1.172.361
Bundnar bankainnstæður.....		2.029.983	291.682	2.321.665
Fullnustueignir.....		3.329		3.329
<i>Fjárfestingar</i>		<u>91.367.609</u>	<u>4.081.061</u>	<u>95.448.669</u>
Kröfur				
Kröfur á launagreiðendum.....		649.494	21.957	671.451
Aðrar kröfur.....		29.158	2.727	31.885
<i>Kröfur</i>		<u>678.652</u>	<u>24.684</u>	<u>703.336</u>
Aðrar eignir				
Rekstrarfjármunir.....	1, 6	1.578	0	1.578
Sjóður og veltiinnlán.....		9.872.004	0	9.872.004
<i>Aðrar eignir</i>		<u>9.873.582</u>	<u>0</u>	<u>9.873.582</u>
Eignir samtals		<u>101.919.843</u>	<u>4.105.745</u>	<u>106.025.588</u>
Skuldir				
Skuldir við lánastofnanir.....	2, 11	5.665.090	0	5.665.090
Aðrar skuldir.....	11	57.384	0	57.384
<i>Skuldir</i>		<u>5.722.474</u>	<u>0</u>	<u>5.722.474</u>
Hrein eign til greiðslu lífeyris		<u>96.197.369</u>	<u>4.105.745</u>	<u>100.303.114</u>

DEILDASKIPT SJÓÐSTREYMI ÁRSINS 2009

	Skýringar	Tryggingadeild	Séreignardeild	Samtals
Inngreiðslur				
Iðgjöld.....		4.861.647	248.716	5.110.364
Fjárfestingartekjur		3.612.423	296.626	3.909.049
Afborganir verðbréfa.....		2.755.277	0	2.755.277
Seld verðbréf með breytilegum tekjum.....		10.720.871	946.657	11.667.528
Seld verðbréf með föstum tekjum.....		2.364.816	5.329.731	7.694.547
Aðrar inngreiðslur.....		1.269.687	12.215	1.281.902
		<u>25.584.722</u>	<u>6.833.945</u>	<u>32.418.667</u>
Útgreiðslur				
Lífeyrir.....		2.738.032	344.786	3.082.818
Fjárfestingargjöld.....		43.367	6.336	49.703
Rekstrarkostnaður án afskrifta.....		63.286	13.341	76.627
Aðrar útgreiðslur.....		3.329	0	3.329
		<u>2.848.014</u>	<u>364.463</u>	<u>3.212.477</u>
Ráðstöfunarfé til kaupa á verðbréfum og annarri fjárfestingu		22.736.709	6.469.482	29.206.191
Kaup á verðbréfum og önnur fjárfesting				
Kaup á verðbréfum með breytilegum tekjum.....		13.745.036	656.919	14.401.955
Kaup á verðbréfum með föstum tekjum.....		18.596.981	6.452.079	25.049.060
Hækkun á bundnum bankainnstæðum.....		224.370	291.682	516.052
Aðrar fjárfestingar.....		0	0	0
		<u>32.566.388</u>	<u>7.400.680</u>	<u>39.967.068</u>
(Lækkun) hækkun á sjóði og veltiinnlánum	12	(9.829.679)	(931.198)	(10.760.877)
Sjóður og veltiinnlán í ársbyrjun		19.701.683	931.198	20.632.881
Sjóður og veltiinnlán í árslok		<u>9.872.004</u>	<u>0</u>	<u>9.872.004</u>

SKÝRINGAR

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

1.1 Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um ársreikninga lífeyrissjóða. Gerð er grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem í meginatriðum eru þær sömu og árið á undan.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Þó svo mót þessi séu samkvæmt bestu vitund stjórnenda geta raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

1.2 Iðgjöld

Iðgjöld eru tekjufærð eftir skilagreinum sem berast sjóðnum. Áætlað er fyrir ógreiddum iðgjöldum þar sem upplýsingar um iðgjöld undangengins mánaðar liggja ekki fyrir á uppgjörstegi. Áætlunin byggir á rauntölum undanfarinna ára. Iðgjöld eru flokkuð eftir því hvort þau eru greidd af sjóðfélögum sjálfum eða eru mótframlag launagreiðanda. Framlög vegna jöfnunar á örorkubyrði eru hluti af tryggingagjaldi en framlaginu er ætlað að jafna örorkubyrði lífeyrissjóða.

1.3 Lífeyrir

Undir lífeyri falla greiðslur sjóðsins til sjóðfélaga og skiptast þær í ellilífeyri, makalífeyri, örorkulífeyri og barnalífeyri en á móti eru þar greiðslur frá Umsjónarnefnd eftirlauna. Beinn kostnaður vegna örorkulífeyris er vegna örorkumats og endurhæfingar.

1.4 Fjárfestingartekjur

Tekjur af húseignum og lóðum

Tekjur og gjöld vegna rekstrar húseigna og lóða í eigu sjóðsins falla undir tekjur af húseignum og lóðum.

Tekjur af eignarhlutum

Undir tekjur af hlutabréfaeign er færður arður af hlutabréfaeign. Ennfremur breytingar á gengi skráðra hlutabréfa og gengismunur ef eignir eru skráðar í erlendum gjaldmiðlum og hagnaður eða tap af sölu skráðra hlutabréfa.

Vaxtatekjur og gengismunur

Undir vaxtatekjur og gengismun eru færðar vaxtatekjur, verðbætur og gengismunur af verðbréfum með föstum tekjum, veðlánnum, bankainnistæðum og iðgjaldakröfum. Einnig er hér færður gengismunur af verðbréfum með föstum tekjum og bankainnistæðum sem eru í erlendum gjaldmiðlum sem og breytingar á verði eða söluhagnaður/-tap af hlutdeildarskírteinum og afleiðusamningum.

1.5 Rekstrarkostnaður

Undir rekstrarkostnað fellur allur kostnaður við daglegan rekstur sjóðsins. Rekstrarkostnaður sem tengist eignaumsýslu er færður sérstaklega undir liðnum fjárfestingargjöld.

1.6 Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum.

Afskriftir eru reiknaðar samkvæmt beinlínuaðferð til að gjaldfæra mismun á kostnaðar-/endurmetnu verði og hrakvirði á áætluðum endingartíma eignanna sem hér segir:

Fasteignir	50 ár
Áhöld og bifreiðar	5-7 ár

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

SKÝRINGAR

1.7 Verðbréfaeign

Verðbréfum í eigu sjóðsins er skipt í verðbréf með breytilegum tekjum, verðbréf með föstum tekjum og veðlán. Til verðbréfa með breytilegum tekjum teljast hlutabréf og hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða. Til verðbréfa með föstum tekjum teljast skuldabréf og önnur verðbréf með föstum vöxtum eða með tiltekna vaxtaviðmiðun. Til veðlána teljast skuldabréfalán með veði í fasteignum.

Verðbréf með breytilegum tekjum skiptast í innlend og erlend hlutabréf og hlutdeildarskírteini. Erend verðbréf sjóðsins eru skráð á skipulegum verðbréfamörkuðum og því eignfærð á markaðsverði nema framtakssjóðir sem færðir eru á innra virði. Verðbréfin eru umreiknuð í íslenskar krónur á skráðu kaupgengi í árslok. Innlend hlutabréf sjóðsins eru eignfærð á markaðsverði í árslok sé það fyrir hendi, en annars á kostnaðarverði eða áætluðu matsvirði ef það er lægra.

Verðbréf með föstum tekjum eru færð til eignar með áföllnum verðbótum og vöxtum m.v. vaxtakjör verðbréfanna að teknu tilliti til ávöxtunarkröfu þeirra á kaupdegi.

Verðbréf með föstum tekjum eru færð niður í efnahagsreikningi vegna óvissu um innheimtu. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður afskriftareikningur til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Við niðurfærsluna hefur sérstök áhætta verið metin jafnframt því sem reiknuð er almenn niðurfærsla.

1.8 Sundurliðun á deildir

Tryggingadeild og Séreignardeild sjóðsins eru fjárhagslega aðskildar. Deildirnar fjárfesta þó saman í vissum eignaflokkum. Eign hvorrar deildar um sig í viðkomandi eignaflokki og þar með einstökum eignum í viðkomandi eignaflokki ræðst af hlutfallslegri stærð eignaflokksins í eignasafni hvorrar deildar um sig. Gerð er grein fyrir þessari skiptingu í deildaskiptum ársreikningi.

2. Mat stjórnenda og ályktanir við beitingu reikningsskilaaðferða

2.1 Varúðarfærslur vegna virðisrýrnunar krafna og útlána

Sjóðurinn hefur sett sér reglur til að meta afskriftarþörf vegna útlána og annarra fjárhagslegra skuldbindinga. Óbeinum afskriftum af þessu tagi er ætlað að mæta mögulegu tapi við innheimtu á kröfum sjóðsins og er færður sérstakur afskriftarreikningur í þessu skyni. Reglur sjóðsins byggja bæði á almennum og sértækum framlögum á afskriftarreikning. Almennum framlögum er ætlað að mæta mögulegu tapi vegna áhættu sem ekki er vitað um og hefur ekki verið sérstaklega metin. Sértæk framlög byggja á mati á mögulegri tapsáhættu vegna tiltekinna krafna, þar sem sjóðurinn hefur upplýsingar sem gefa til kynna að téðir skuldarar kunni að eiga erfitt með að endurgreiða skuldir sínar að fullu.

Auk þess færir sjóðurinn niður óinnheimt iðgjöld til að mæta hugsanlegum töpum vegna þeirra.

Fullnustueignir í eigu sjóðsins eru bókfærðar á kostnaðarverði eða matsverði eftir því hvort lægra er.

2.2 Sértækar niðurfærslur eftir bankahrun

Við hrun fjármálakerfisins á Íslandi 2008 rýrnuðu eignir mikið í verði. Mikil óvissa hefur ríkt um verðmæti krafna á gömlu bankana. Sama á við um kröfur á mörg fyrirtæki, sem voru útgefendur markaðsskuldabréfa. Mörg þessara fyrirtækja hafa farið í þrot eða eru í einhvers konar fjárhagslegri endurskipulagningu þar sem yfirleitt er stefnt að gerð nauðasamninga. Í flestum tilfellum hefur þetta þýtt verulegar sértækar niðurfærslur vegna þessara krafna. Staða þessara félaga hefur verið að skýrast smám saman og þar með forsendur til að meta eignir. Enn vantar þó mikið upp á að umræddri endurskipulagningu sé lokið eða að niðurstöður séu komnar úr þrotabúum. Skuldabréf þessara félaga í eigu sjóðsins hafa verið metin að nýju, miðað við nýjustu upplýsingar um stöðu viðkomandi félaga og þeirra þrotabúa sem í hlut eiga. Beitt var varúðarsjónarmiðum við þetta mat til að reyna að komast hjá ofmati. Mikil óvissa ríkir þó um verðmæti þessara eigna og það kann að reynast annað en gert er ráð fyrir í þessum ársreikningi. Þar sem slík bréf hafa verið gerð upp eða seld hafa áður færðar afskriftir vegna þeirra verið færðar út.

Almenn niðurfærsla í árslok	119.675
Sértæk niðurfærsla í árslok	11.578.700
Samtals niðurfærsla í árslok	11.698.375

Ekki er um endanlega niðurfærslu að ræða, en rétt er að leggja áherslu á að mikil óvissa ríkir um endurheimtur þessara krafna, sem endurspeglast í þessari miklu niðurfærslu.

SKÝRINGAR

2.3 Mat á afleiðusamningum í ársreikningi

Til að draga úr gengisáhættu gerði sjóðurinn afleiðusamninga við gömlu viðskiptabankana, fyrir hrun bankakerfisins. Flestir þessara samninga voru hluti af samningi við viðkomandi banka um stýringu á gjaldeyrisáhættu fyrir sjóðinn. Við fall bankanna kom upp óvissa um þessa samninga þ.e., hvort forsendur þeirra hafi brostið og þá hvenær, hvort bæri að ógilda þá og víkja þeim frá, eða hvort þeir héldu gildi sínu, fram til umsamins gjalddaga, þrátt fyrir þrot bankanna. Veruleg óvissa hefur ríkt um verðmæti samninganna og hvort greiðsluskylda vegna þeirra sé fyrir hendi hjá sjóðnum. Samningaviðræður hafa staðið yfir milli aðila, með hléum, frá því í nóvember 2008, en þær hafa ekki skilað árangri.

